

Foreldraráð Ársólar

Efni: Fyrsti fundur fyrir skólaárið 2015-2016

Dagsetning: 10. nóvember 2015 kl.15:00

Staður: Ársól

Mættir: Berglind Grétarsdóttir (BG), skólastjóri og fundarritari, Ásta Rún Valgerðardóttir, Ástdís Þorsteinsdóttir, Hjörtur Sigurðsson

Fjarverandi: Ingvi Brynjar Sveinsson

1. Fulltrúar kynntu sig og skiptu með sér embættum

- Fulltrúar í foreldraráði Ársólar á skólaárinu 2015-2016 eru eftirfarandi:
 - Ásta Rún Valgerðardóttir, var kosin formaður. Er móðir Bjarna Freys á Bangsastofu.
 - Ástdís Þorsteinsdóttir, var kosin ritari. Er móðir Matthildar Grétu á Kisustofu.
 - Hjörtur Sigurðsson, verður meðstjórnandi. Er faðir Hilmars Bjarka á Kisustofu.
 - Ingvi Brynjar Sveinsson, verður meðstjórnandi. Er faðir Ingva Brynjars á Kisustofu.
 - Berglind Grétarsdóttir skólastjóri Ársólar er tengiliður skólans við foreldraráðið og jafnframt gjaldkeri foreldrafélagsins (svo að það þurfi ekki að skipta um prókúruhafa á reikningi félagsins á hverju ári).

2. Hlutverk foreldra-ráðsins/félagsins

- Berglind útskýrði stuttlega hlutverk foreldraráða í leikskólum sem hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.
- Einnig gefur ráðið umsagnir til leikskóla um skólanámskrá, starfsáætlanir o.fl.
- Þar sem Ársól er lítill leikskóli þá eru fulltrúar í foreldraráði einnig í foreldrafélaginu.
- Lítið er um utanaðkomandi skemmtanir í Ársól vegna ungs aldurs barnanna. Foreldrafélagið í samstarfi við stjórnendur Ársólar hefur séð um að skipuleggja vorhátíð leikskólans sem fer fram í lok maí ár hvert.
- Foreldrafélagsgjaldið stendur undir kostnaði við vorhátíðina og foreldrafélagið hefur jafnframt styrkt leikskólann með ýmsum gjöfum, t.d. voru tvær myndavélar keyptar á síðasta skólaári.

3. Kaup á sexburakerru

- Beiðni kom frá starfsfólki Ársólar um að foreldrafélagið styrkti leikskólann um kaup á sexbura kerru.
- Kerran kostar kr.169,000 án afsláttar. Staða á reikningi foreldrafélagsins eru kr.216,433 en eftir á að leggja inn kr.15,000 fyrir nóvember mánuð.
- Ársól á nú þegar eina fjórbura kerru og eina þríburakerru. Með því að fá sexbura kerru geta tveir hópstjórar farið saman í gönguferð með hópana sína, samtals 10 börn.
- Kaupin koma bæði börnunum og starfsfólki til góðs með heilsueflingu og útivist ☺
- Foreldrafélagið samþykkti þessa gjöf til Ársólar og Berglind mun sjá um kaupin fyrir hönd félagsins.

4. Fundargerðir foreldraráðs og birting þeirra á heimasíðunni

- Á heimasíðu Ársólar er sérstakur flipi ætlaður upplýsingum frá foreldrafélaginu og foreldraráðinu. Heimasíðan er að fara að skipta um útlit á næstu vikum svo ákveðið var að setja ekki inn fundargerðir og fleiri upplýsingar fyrr en nýja heimasíðan verður tekin í notkun til að koma í veg fyrir tvíverknað.
- Ástdís ritari mun sjá um að senda Berglindi fundargerðir sem hefur umsjón með að þær fari inn á heimasíðuna.

5. Niðurstöður út ytra mati og umbótaáætlun

- Berglind fór stuttlega yfir niðurstöðurnar út ytra mati sem Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmdi í Ársól í maí 2015 og niðurstöðurnar bárust leikskólanum í ágúst sl.
- Ársól kom mjög vel út úr þessu mati og þar á meðal fékk leikskólinn tvær stjórnur sem er fyrir framúrskarandi verklag og öðrum til eftirbreytni. Þessar tvær stjórnur eru fyrir:
 - ❖ Markvissa vinnu til að efla heilbrigði og vellíðan og er sú vinna sýnileg í daglegu starfi með hreyfingu, heilsubók barnsins og næringarstefnu leikskólans/Skóla ehf.
 - ❖ Áhersla leikskólans á hreyfingu barna er einkennandi fyrir allt starf skólans og mikill metnaður í þróun þess.
- Út frá niðurstöðum ytra mats er gerð umbótaáætlun sem leikskólinn vinnur eftir á næstu misserum. Leikskólinn er nú þegar farinn að vinna eftir umbótaáætluninni, t.d. er verið að leggja mikinn metnað í að merkja hirslur undir leikföng og að börnin hafi greiðari aðgang að leikefni og bókum.

6. Fundur með eignasviði Reykjavíkurborgar

- Þriðjudaginn 10.nóvember komu fulltrúar frá eignasviði Reykjavíkurborgar á fund með Berglindi skólastjóra, Maríu aðstoðarskólastjóra og Pétri Guðmundssyni framkvæmdastjóra Skóla ehf.
- Fundurinn var haldinn til að fara yfir ástand húsnæðis Ársólar, sérstaklega utanhúss og hvort ætti að laga húsnæðið af hálfu borgarinnar þar sem borgin á húsnæðið.
- Ákvörðun ætti að vera tekin um það fyrir lok nóvember mánaðar.

7. Vorhátíð Ársólar 2016

- Það er hefð fyrir því að foreldrafélag Ársólar í samvinnu við starfsfólk skólans haldi veglega vorhátíð í lok maí á hverju ári.
- Skoppa og Skríttla hafa verið fastir gestir og einnig er hoppukastali, andlitsmálning og heilsusamlegar veitingar í boði.
- Síðasti fimmtudagur í maí er þann 26. og Berglind hefur samband við Skoppu og Skríttlu til að athuga hvort að þær komist á þessum degi.